



GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR

UMSÖGN GAGNAVEITU REYKJAVÍKUR

Gagnaveita Reykjavíkur hefur það að markmiði að tengja Íslensk heimili við öflugt gagnaflutningsnet og fagnar öllum aðgerðum sem koma íslenskum heimilum á háhraða. Skýrari reglur sem koma á öflugum og samkeppnishæfum fjarskiptamarkaði er neytendum til hagsbóta.

Ísland stendur sig vel í fjarskiptamálum og ber af í alþjóðlegum samanburði og er ofarlega á lista hvað varðar ljósleiðaratengd heimili, hraða nettenginga og verð.

1. Löggjöf þarf að hvetja til fjárfestinga í fjarskiptanetum og fjarskiptakerfum sem leiðir af sér markaðsgerð sem einkennist af samkeppni á öllum mörkuðum fjarskiptaþjónustu, bæði á heildsölustigi og smásölustigi
2. Lagarammi þarf að hvetja til uppbyggingar sjálfstæðra fjarskiptaneta. Öryggiskröfur fyrirtækja og stofnanna auka þörf á tveimur óháðum og sjálfstæðum fjarskiptanetum



INNVIÐATILSKIPUN ESB - MARKMIÐ

- Hvetja til fjárfestingar í nýjum fjarskiptanetum
- Lækka kostnað við uppbyggingu þeirra
- Leita jafnvægis milli eignarhalds og fjárfestinga í fjarskiptanetum annars vegar og aðgangs þriðja aðila að innviðum hins vegar
- Aðgangsbætur verða að vera eðlilegar og sanngjarnar m.a. m.t.t. viðskiptamóðels aðgangssveitanda

Ekki ætlað að haggja efnisreglum fjarskiptalaga, þ.m.t. því að stefnt skuli að því að samkeppnisreglur, í stað kvaða, nái yfir fjarskiptamarkaðinn, **enda sé samkeppni best til þess fallin að stuðla að útbreiðslu háhraðaneta**




FRUMVARPIÐ

- Frumvarpið mun leggja grunninn að því að hægt verði að ná fram enn frekari hagræðingu og nýtingu á fyrirliggjandi innviðum við uppbyggingu fjarskiptaneta
- Jafnframt samnýtingu jarðvegsframkvæmda
- Hægt verður að nýta alla innviði, hvort heldur sem eru í höndum fjarskiptafyrirtækja eða veitufyrirtækja
- Stærsta vandamál þéttbýlissvæða úti á landi er framboð og verð á stofnleiðum. Frumvarpið mun flýta fyrir nýframkvæmdum á stofnleiðum um allt land og auka samkeppni út á landi




STAÐA LJÓSLEIÐARA Á NORÐURLÖNDUM




*Staða september 2018
Gögn IDATE

STAÐA HÁHRAÐANETA



EKKI VERRA AÐ VERA MEÐ TVÖFALT

- + Ef eitt kerfið dettur niður, tekur hitt við, aukið öryggi
- + Eykur val neytanda og því samkeppni
- + Eykur val þjónustuaðila og fækkar hindrunum inn á markað
- + Hefur reynst vel á farsímamarkaði þar sem eru þrjú kerfi
- Dýrara í upphafi
- Fyrrum einokunaraðili missir markaðshlutdeild



ÁSTANDIÐ ÞEGAR LJÓSLEIÐARINN KEMUR Á MARKAÐ

- ADSL-tengingar vinsælastar (12-24 megabitar/sekúndu)
- Allir ADSL þjónustuaðilar kaupa koparsamband af Mílu
- **Kvöð á Mílu um að afhenda koparheimtaug þar sem heimtaugakerfið var búið upp í skióli einkaréttar**
- Flutningur milli þjónustuaðila tók **marga virka** daga
- Símvirkjar Mílu staðsettir í símstöðum til að færa fólk á milli þjónustuaðila, eða sendir í ómannaðar stöðvar eftir pöntunum
- **Mikil fjárfesting fyrir nýja aðila á markaði**
 - Þurftu að fjárfesta í virkum búnaði í hverri símstöð
 - Þurftu sambönd milli símstöðva
 - Þurftu að leigja aðstöðu og sambönd af Símasamstæðunni



SAMKEPPNI Á ÍSLENSKUM FJARSKIPTAMARKAÐI

- Allt frá því að einkaréttur Pósts- og Síma var afnuminn 1996 hefur verið gert ráð fyrir samkeppni í grunnnetum í samræmi við Evrópurétt
- Samkeppnisstofnun varaði við sölu grunnets Landssímans í upphafi þessarar aldar í ljósi þess að óljóst væri hvort að markaðurinn bæri fleiri en eitt grunnet
- Samkeppni í grunnnetum var þó m.a. ein af röksemdunum fyrir því að grunnet Landssímans var selt með Landssímanum 2005 þrátt fyrir að það væri gagnrýnt, m.a. af öðrum fjarskiptafyrirtækjum í samkeppni við Landssímann



71% landsmanna
vilja ekki selja Grunnnetið

Mikill meirihluti landsmanna er andvígur því að selja Grunnnetið með Símanum skv. skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir Og Vodafone.*

Þjóðin velur frelsi.


og
vodafone

og hvað segir þú?

*Útdráttur af könnun um samskipti og netið frá 2005. Könnunin var gerð á milli 15. og 17. október 2005. Útdráttur af könnun um samskipti og netið frá 2005. Könnunin var gerð á milli 15. og 17. október 2005.


OFFJÁRFESTING Í GRUNNETUM?

- Staðreyndin er sú að alla þessa öld hafa verið til staðar fleiri en eitt grunnet inn á heimili á Íslandi
- Þetta á við um landsbyggðina jafnt sem stórhöfuðborgarsvæðið
- Fyrirtæki hafa veðjað á mismunandi tækni og samkeppni hefur verið hörð.
- Samkeppni hefur skilað sér til neytenda í formi betra verðs og meiri gæða
- Reynslan sýnir að markaðurinn ber fleiri en tvö grunnet á markaðslegum forsendum
- Ekkert stöðvar nýjan aðila að koma inn á markaðinn, t.d. út af innkomu nýrrar tækni
- Markaðsbrest, s.s. úti á landi þarf að leysa með sértækum aðgerðum, ekki með því að draga úr samkeppni á öðrum stöðum á landinu



Mynd 4-2 Mismunandi miðlar í helmtaugum.

HVAR LIGGUR KOSTNAÐURINN?



Opið virkt net eins og Ljósleiðarinn nær gríðarlegri hagræðingu við uppbyggingu á fjarskiptarekstri sem veitir þjónustu um fastlínusamband. **Tugmilljarða sparnaður hefur náðst á seinustu 15 árum vegna þess að fjarskiptafyrirtæki hafa ekki þurft að fjárfesta í eigin grunnnetum**

SAMBAND SÍMANS VIÐ GRUNNNET

- + GR selur sömu þjónustu til fjarskiptafélaga og Síminn kaupir af Milu
- + Aðgangur að ljósleiðara GR snýst um eignarhald Símans á Milu, en ekki tæknilegra þarfa Símans



FJARSKIPTAFÉLAG

IP-bitastaumur
Vefgátt

IP-bitastaumur
Vefgátt

HEILDSALA



EFTIRLITSSTOFNANIR FJARSKIPTAMARKAÐARINS



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

PFS annað framkvæmd laga um fjarskipti. Helstu verkefni er eftirlit með fjarskiptum, vinna gegn röskun og takmörkun á samkeppni á fjarskiptamörkuðum, ýta undir skilvirka fjárfestingu innviða í fjarskiptum, stuðla að nýbreytni og tekur þátt í þróun, gætir hagsmuna almennings, ráðgefandi fyrir stjórnvöld á sviði fjarskipta

Fjárhagslegur aðskilnaður fjarskiptastarfsemi frá annarri sérleyfisskyldri starfsemi 36. gr.

Samtenging neta og þjónustu og aðgangur að þeim

Útnefning markaðsráðandi fjarskiptafyrirtækis – heimild til að leggja kvaðir

Eftirlit með nethlutleysi (41. gr.)

Netöryggi

Eftirlit með 5. mgr. 45. gr. fjölmíðalaga (41. gr.)

SKILGREINING FJARSKIPTAMARKAÐA



Eftirlitsstofnun EFTA annast eftirlit með skilgreiningu fjarskiptamarkaða

Eftirlit með ríkisstyrkjum

SKE annast framkvæmd samkeppnislaga. Stofnunin vinnur að markmiðum samkeppnislaga með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppnauta að markaðnum

Eftirlit og aðgerðir gegn ólögmætu samráði

Eftirlit og aðgerðir gegn misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Veiting undanþága frá bannákvæðum samkeppnislaga

Samrunar fjarskiptafyrirtækja

BREYTING Á „EFNISLEGU GRUNNVIRKI“

- Breyting á “efnislegu grunnvirki” er að mati fjölda umsagnaraðila í andstöðu við markmið tilskipunarinnar og gengur jafnframt gegn evrópsku fjarskiptaregluverki
- Leita þyrfti umsagnar Samkeppniseftirlitsins á því hvort að það samræmist samkeppnislögum að GR seldi Mílu aðgang á þeim forsendum að þar með myndi Míla draga sig út úr frekari fjárfestingum á markaðssvæði GR eins og fullyrt er í umsögnum Símanum og Mílu
- Það er ekkert sjálfgefið að breyting á lagafrumvarpinu leiði til þeirrar niðurstöðu sem að Síminn / Míla fullyrða í umsögn sinni.
- Mun líklegra er að það komi í veg fyrir að markmiðum tilskipunarinnar verði náð

Samkeppnisstofnun varaði við sölu

© 3. mars 2005 00:01

Líkar þetta 0


Samkeppnisstofnun varaði við áhrifum af sölu grunnnets Landssímans fyrir fjórum árum. Stofnunin taldi það hafa alvarlegar afleiðingar ef ekki yrði gripið til hliðaraðgerða vegna simasölnunnar. Hart var deilt um grunnetið á Alþingi í morgun. Forsætisráðherra sagði m.a. að ekki kæmi til greina að aðskilja það frá Landssímanum áður en hann yrði seldur, jafnvel þótt meirihluti þjóðarinnar sé því fylgjandi. Kristján Möller, þingmaður Samfylkingar, spurði forsætisráðherra í morgun hvort Samkeppnisstofnun hefði skilað einkavæðinganefnd svartri skýrslu um alvarlegar afleiðingar þess að grunnetið yrði selt. Ef svo þá ættu allir þingmenn að fá að sjá þau gögn. Samkvæmt heimildum fréttastofu það einkavæðinganefnd um minnisblað frá Samkeppnisstofnun fyrir rúmum fjórum árum vegna sölu Landssímans. Þar bendir Samkeppnistofnun á að Landssíminn hafi í krafti eitt hundrad ára einokunar komið sér upp fullkomnu fjarskiptakerfi og eigi lagnir nánast að öllum heimilum og fyrirtækjum í landinu. Stofnunin taldi alvarlegt ef ekki yrði gripið til hliðaraðgerða við sölu Landssímans og dró upp tvo meginkosti. Annar er sá að aðskilja grunnetið frá Símanum en það tryggði fullkomið jafnræði milli keppnauta á markaði, yrði grunnetið áfram í eigu ríkisins. Það drægi jafnframt úr yfirburðastöðu Landssímans í fjarskiptaþjónustu. Ókostur þess væri þó að það stuðlaði ekki að samkeppni í rekstri grunnkerfa. Það sé hins vegar óljóst hversu mörg grunnkerfi markaðurinn bæri. Kostur númer tvö sem Samkeppnisstofnun dregur fram er að gera Símanum að selja breiðbandið. Ef sú leið væri farin þyrfti að tryggja fullkominn aðgang keppnauta að heimtaug Landssímans. Innan

STAÐAN Á FJARSKIPTAMARKAÐI

FARSÍMANET
IP SJÓNVARP

FASTANET-
ÞJÓNUSTA

GRUNNET



*Áætluð gögn 2019